

Til bæjarráðs Garðabæjar

**v/ beiðnar um stuðning við að byggja upp leikhús í Garðabæ**

Veturinn 2017-2018 veitti Garðabær okkur í Leiksmiðjunni Frigg afnot af húsnæði á Garðatorgi 1 til þess að iðka þar leiklistarstarfsemi. Um starfsemi síðastliðins vetrar má lesa í samriti af hjálögðu bréfi sem við rituðum menningar- og safnanefnd Garðabæjar í vor leið þar sem við fórum þess á leit að fá á ný afnot af salnum á Garðatorgi 1. Við þeirri beiðni okkar var orðið, sem við viljum þakka fyrir, og höfum við fullan hug á að halda starfseminni áfram, efla hana til muna og hefja þar rekstur á litlu leikhúsi. Um hugmyndir okkar að starfsemi vetrarins sem í hönd fer má lesa í fyrrnefndu bréfi til menningar- og safnanefndar. Þegar hafa verið lögð drög að öllu því sem þar er nefnt.

Hugmyndin að fullbúnu leikhúsi á Garðatorgi 1 var lengi að kvikna og það var ekki fyrr en undir vor 2018 að við sáum hvernig byggja mætti upp í salnum, sem oft gengur undir nafninu Betrunarhúsið, lítið nándarleikhús, einstakt í leikhúsflórunni á höfuðborgarsvæðinu. Drög að teikningum af því hvernig fyrirkomulagi yrði háttað í þessu leikhúsi fylgja bréfi þessu sem fylgiskjöl A og B.

Reikna má með því að áhorfendasalur í salnum á Garðatorgi gæti rúmað 35 til 50 áhorfendur. Þar yrði, eins og áður var nefnt, einstök nánd áhorfenda við leiksvið og rýmið myndi henta afar vel til að sviðsetja og sýna fámennar sýningar í einfaldri umgerð. Einnig myndi skapast þarna aðstaða til að starfrækja brúðuleikhús en rekstur þess forms af leikhúsi er sem stendur hvergi á föstum grunni hérlandis.

Helstu kostnaðarliðir eru þessir:

- a) leiksvið
- b) skilrúm til þess að stúka af tæknibúr sem hægt er að læsa
- c) áhorfendapallar
- d) drapperingar til þess að myrkva glugga og gera rýmið lýsingarvænt
- e) sviðslýsing
- f) hljóðkerfi
- g) lýsing í áhorfendasal
- h) málningin á áhorfendasal
- i) akstur með efni
- j) teikningar

- k) stólar í áhorfendasal
- l) endurnýjun salerna

Kostnaðaráætlun vegna ofantalinna framkvæmda til að gera lítið en glæsilegt leikhús á Garðatorgi fylgir þessu bréfi. Hún er ekki endanleg en gefur nokkuð góða mynd af umfangi verksins og kostnaði við það.

Erindi bréfs þessa er að fara þess á leit við Bæjarráð Garðabæjar að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár verði sérstakur liður sem ráðstafað verði til þess að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd. Allur búnaður sem keyptur yrði myndi að sjálfsögðu verða í eigu bæjarins en ráðstafað til nota fyrir þetta litla en myndarlega leikhús.

Ávinningur bæjarins af því að standa straum af kostnaði við uppbyggingu leikhúss á Garðatorgi 1 yrði að menningarlíf bæjarins myndi eflast til muna og athygli beindist að listalífi þar í auknum mæli.

30. ágúst 2018  
f. h. Leiksmiðjunnar Friggjar

Trausti Ólafsson, formaður